

22.3.2016

Reginn hf. – Hlutfjárukning

Stjórn Regins ákvað á fundi sínum þann 22. mars 2016 að nýta heimild í 4. gr. samþykka félagsins sem samþykkt var á hluthafafundi Regins fyrr þann sama dag og hækka hlutfé í Regin um 126.600.000 krónur að nafnvirði á genginu 19,0 krónur á hlut. Lögbundinn forgangsréttur hluthafa gildir ekki um hið nýja hlutfé. Hlutfjárukningunni verður ráðstafað sem greiðslu fyrir hlutfé í fasteignafélagunum Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. í samræmi við kaupsamning dags. 30. desember 2015.

Hlutfé í Regin fyrir hlutfjárukninguna er 1.428.700.000 krónur að nafnvirði og verður að henni lokinni 1.555.300.000 krónur að nafnvirði. Reginn á ekki eigin hluti. Hinir nýju hlutir veita réttindi í Regin frá skráningardegi hlutfjárhækkunarinnar hjá Fyrirtækjaskrá. Sölubann gildir um hina nýju hluti þannig að 30% hlutanna verða seljanlegir við afhendingu, 60% eftir 6 mánuði og 100% eftir 9 mánuði frá afhendingu.

Hinir nýju hlutir verða afhentir eigendum fasteignafélaganna Ósvör ehf. og CFV 1 ehf. sem eru nokkrir. Af þessum aðilum er enginn með stærri hlut en 2% í Regin að undanskyldum Sigurði Sigurgeirssyni fagfjárfesti. Í gegnum eignarhaldsfélag sitt, Mjölnisholt ehf. verður Sigurður sjötti stærsti hluthafinn í Regin.

Eftirfarandi er listi yfir 10 stærstu hluthafa í Regin eftir hlutfjárukninguna:

Nr.	Nafn	Hlutir	%
1	Lífeyrissjóður verslunarmanna	208.388.362	13,4%
2	Stefnir - ÍS 15	132.985.661	8,6%
3	Sigla ehf.	122.265.000	7,9%
4	Gildi - lífeyrissjóður	114.180.738	7,3%
5	Stapi lífeyrissjóður	88.719.956	5,7%
6	Mjölnisholt ehf.	58.157.363	3,7%
7	Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	56.337.947	3,6%
8	Sameinaði lífeyrissjóðurinn	51.643.860	3,3%
9	Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	44.800.000	2,9%
10	Stefnir – Samval	43.303.836	2,8%
10 stærstu hluthafar í Regin samtals		920.782.723	59,2%
Aðrir hluthafar		634.517.277	41,3%
Samtals		1.555.300.000	100,0%

Nánari upplýsingar veitir:

Helgi S. Gunnarsson – Forstjóri – helgi@reginn.is – S: 512 8900 / 899 6262